Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið

# AÐALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033

## Breyting á aðalskipulagi. Innnesvegur 1, VÞ-212, skilmálabreyting




Gildandi skipulag

SKÝRINGAR

Mörk skipulagssvæðis, sveitarfélagsmörk

LANDNOTKUN

- ÍB Íbúðarbyggð
- M Miðsvæði, miðbær
- VÞ Verslun og þjónusta
- S Samfélagsþjónusta
- OP Opin svæði
- ÍÞ Íþróttasvæði
- AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- K Kirkjugarðar og grafreitir
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- AT Athafnasvæði
- I Iðnaðarsvæði
- H Hafnir
- ST Strandsvæði
- SN Sérstök not hafsvæða
- ÓB Óbyggð svæði
- AB-123 Merking landnotkunarreita
- Þróunarsvæði

VERNDARSVÆÐI

- HV Hverfisvernd
- FS Friðlýst svæði
- VB Vatnsból
- VG Vatnsvernd, grannsvæði
- Minjavernd

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Safngötur og tengingar við aðalgatnakerfi (til skýringar)
- Stofnstígur
- Tengistígur
- Strandstígur
- Reiðleið
- Landsbyggðarstígur
- Undirgöng
- Flutningslínur rafveitukerfis Loftlínur
- Flutningslínur rafveitukerfis Jarðstrengir
- Stofnlögn hitaveitu
- Stofnlögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu

Bæjarstjórn Akraness leggur til að Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Lóðarhafi Innnesvegar 1, Bílver ehf., óskar eftir að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 5 og 6, til þess að koma megi fyrir bílaþvottastöð og smur- og dekkjaþjónustu í núverandi húsnæði í stað bílasölu. Í húsinu er einnig bakarí sem verður áfram óbreytt. Aðkoma að lóðinni verður óbreytt.

Breyting á aðalskipulagi felst í breytingu á skilmálum fyrir landnotkunarreit VÞ-212. Hvorki er gerð breyting á almennum ákvæðum né aðalskipulagsuppdrætti.

Aðalskipulagið tekur til meginatriða í landnotkun og eru almennt ekki sett ítarleg ákvæði um starfsemi á einstökum lóðum. Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir starfsemi, fráveitukerfi, hljóðvist, opnunartíma, umferðarstýringu um svæðið og hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á umhverfið.

### Gildandi skipulag

Almenn ákvæði í kafla **3.4 Verslun og þjónust**a eiga við VÞ-212:

> Auk verslunar og þjónustufyrirtækja er á þessum svæðum gert ráð fyrir hótelum, gistiheimilum, veitingahúsum, skemmtistöðum og bensínstöðvum. Almennt er ekki heimilt að hafa íbúðir á svæðum fyrir verslun og þjónustu.

Sérákvæði í kafla 3.4:

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Sérákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **VÞ-212** | **0.6** | Verslunarlóð á jaðri Flatahverfis. | Skv. deiliskipulagi Flatahverfis. | Verslun og þjónusta. |

### Breytt skipulag

Sérákvæði í kafla 3.4:

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Sérákvæði |
|---|---|---|---|---|
| **VÞ-212** | **0.6** | Verslunarlóð á jaðri Flatahverfis. | Skv. deiliskipulagi Flatahverfis. | Verslun og þjónusta. **Verkstæði og bílaþvottastöð.** |

### Umhverfismatsskýrsla

Samkvæmt 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eiga ákvæði laganna við alla skipulagsgerð og breytingar á skipulagi.

**a) Yfirlit**

Sjá inngang hér að framan. Breytingin tengist breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 5 og 6.

**b) Mat á líklegum umhverfisáhrifum**

Svæðið er fullbyggt. Starfsemi á svæðinu hefur hvorki áhrif á jarðmyndanir eða vistkerfi, sem njóta eiga sérstakrar verndar, né menningarminjar. Fyrirhuguð starfsemi er ekki líkleg til þess að hafa veruleg áhrif á umhverfi sitt.

**c) Raunhæfir valkostir m.t.t. markmiða**

Breytingin byggist á hagsmunum lóðarhafa og rekstaraðila á svæðinu. Ekki er stefnt að flutningi starfseminnar á annað svæði.

**d) Mótvægisaðgerðir og vöktun**

Fylgja skal markmiðum um hollustuhætti og umhverfisáhrif viðkomandi starfsemi í samræmi við starfsleyfi og ákvæði viðeigandi laga og reglugerða. Hugsanlegar mótvægisaðgerðir verði samkvæmt ákvæðum í starfsleyfum.

**e) Samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli**

Óþörf í svo litlu verkefni.

**f) Nánari upplýsingar**

Á ekki við.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness
þann 23.09.2025

BÆJARSTJÓRINN AKRANESI

bæjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
þann 19.12.2025

SKIPULAGSSTOFNUN

BREYTING
03

Verk: 11-975/11-993
Dags. 2.12.2024

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA
KAUPANGI V/MÝRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is